

# Undirbúningsstjórn um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Fyrsti fundur haldinn í Seiglu, Laugum, miðvikudaginn 25. ágúst og hófst kl. 13.

Mætt voru:

- Alma Dröfn Benediktsdóttir,
- Arnór Benónýsson,
- Ásvaldur Ævar Þormóðsson, varamaður, sat fundinn fyrir Árna Pétur Hilmarsson,
- Helgi Héðinsson,
- Jóna Björg Hlöðversdóttir,
- Sigurður Böðvarsson,
- Dagbjört Jónsdóttir og Sveinn Margeirsson sveitarstjórar,
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf.

## 1. Skipulag verkefnisins

Arnór opnaði fundinn og tók að sér fundarstjórn sem aldursforseti.

Sveitarstjórnir hafa skipað eftirtalin í Undirbúningsstjórnina.

### Þingeyjarsveit

- Arnór Benónýsson
- Jóna Björg Hlöðversdóttir
- Árni Pétur Hilmarsson

Til vara:

- Margrét Bjarnadóttir
- Ásvaldur Ævar Þormóðsson
- Sigríður Hlynur Snæbjörnsson

### Skútustaðahreppur

- Helgi Héðinsson,
- Sigurður Böðvarsson
- Alma Benediktsdóttur

Til vara

- Elísabet Sigurðardóttir
- Selma Ásmundsdóttir
- Agnes Einarsdóttir.

Arnór lagði til að Helgi færi með formennsku nefndarinnar og hann sjálfur með varaformennsku. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ákveðið var að undirbúningsnefndin fundi einu sinni í mánuði, annan miðvikudag í mánuði, kl. 13:00. Gert er ráð fyrir því að fundirnir verði staðarfundir og verði til skiptis í báðum sveitarfélögum. Miðað er við tveggja tíma fundi og heimild til þess að stytta fundartímann ef þess þarf. Gert er ráð fyrir þóknun fyrir störfun, eins og fyrirkomulagið var í samstarfsnefndinni.

Helgi lagði til að RR ráðgjöf tæki að sér verkefnisstjórn og væri nefndinni til aðstoðar við undirbúningsvinnuna. Tillagan samþykkt samhljóða. Formanni og varaformanni var falið að ramma verkefnið betur inn ásamt ráðgjöfum og ganga frá samkomulagi.

## 2. Undirbúningsferlið

Róbert fór yfir undirbúningsferlið og reynslu af öðrum sameiningarverkefnum. Fara þarf m.a. yfir alla samninga, samþykktir, reglur, fjárhagsáætlanir, aðalskipulög og skilar svo nefndin tillögu til nýrrar sveitarstjórnar um fyrirkomulagið. Róbert benti á að drög að samþykkt nýs sveitarfélags þarf að senda ráðuneytinu fljótlega á nýju ári og því gott að stilla upp tímalínu með það í huga.

Taka þarf ákvörðun um hvort nýtt sveitarfélag muni notast við kennitölu frá annað hvort Þingeyjarsveit eða Skútustaðahreppi eða nýja kennitölu. Einnig þarf að taka ákvörðun um heiti og heimasíðu nýs sveitarfélags.

Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlun fer að hefjast og Róbert bendir á að sveitarfélögin mega ekki taka ákvarðanir utan 3 ára áætlunarinnar sem binda nýtt sveitarfélag nema hitt sveitarfélagið samþykki ráðstöfunina.

### **3. Utanaðkomandi ráðgjöf**

Hefja þarf samráð við starfsfólk nýs sveitarfélags sem fyrst, móta vinnuvenningu, samræma launamál og annað. Helgi lagði til að utanaðkomandi aðili yrði fenginn í það verkefni. Ákveðið var að leitast eftir því að fá mannauðssérfræðing til ráðgjafar sem gæti aðstoðað við að efla starfsfólkið sem og undirbúning sameiningarinnar. Dagbjörtu og Sveini var falið að sjá um að finna ráðgjafa til verksins.

Einnig var ákveðið að auglýsa starf lögfræðings fyrir nýtt sveitarfélag sem gæti nýst sveitarfélaginu þegar lögfræðileg álitaefni koma upp í framtíðinni. Dagbjörtu og Sveini var falið að sjá um vinnslu auglýsingarinnar.

Mannauðsráðgjafa og lögfræðingi yrði þá falið að vinna áður nefnda undirbúningsvinnu s.s fara yfir samþykktir, samninga og launamál sem færi til undirbúningsnefndar til staðfestingar. Róbert benti á að gera þurfi ráð fyrir því að það þurfi að kaupa utanaðkomandi vinnu vegna annarra verkefna, s.s. fjárhagsáætlana yfirferðar, endurskoðunar og mögulega varðandi skjalavörslu.

### **4. Hugmynd um nýtt stjórnskipulag**

Arnór varpaði fram hugmynd um mögulega útfærslu á stjórnskipulagi nýs sveitarfélags. Í stað þess að sveitarfélagið ráði einn framkvæmdastjóra þá verði þrjú stjórnendur sviða sem fara með vald framkvæmdastjóra, í sameiningu. Framkvæmdastjórar myndi framkvæmdaráð, sem væri undir forystu oddvita. Með slíku fyrirkomulagi væri hægt að dreifa valdinu og halda samvinnunni áfram.

Dagbjört spurði hvort hægt væri að nýta tilraunaákvæði 132. gr. sveitarstjórnarlaga og prófa umrædda útfærslu af stjórnskipulagi. Róbert sagðist ætla að kanna hvort það væri hægt. Ákveðið var að leyfa hugmyndinni að gerjast og verður hún rædd betur síðar.

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði 7. september kl. 13:00 í Skjólbrekku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.